

**Skrifstofu Alþingis,  
b.t. nefndasviðs  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

*Selfoss, 30. mars 2016*

## **Umsögn Matvælastofnunar** Þskj. 871 — 545. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, lögum um slátrun og sláturafurðir og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (eftirlit, verkaskipting, EES-samningurinn).

Eins og fram kemur í athugasemdum er meginefni frumvarpsins þrjúþætt. Í fyrsta lagi að verið að gera breytingar varðandi eftirlit með frumframleiðslu matjurta. Í öðru lagi er lagt til að framleiðsla kapla-, geita og sauðamjólkur verði háð starfsleyfi. Matvælastofnun hefur ekki efnislegar athugasemdir við þessi ákvæði, enda eru þau að mestu leyti í samræmi við tillögur sem stofnunin hefur áður lagt fram.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 96/1997 og lögum nr. 22/1994 sem gera ráðherra kleift að innleiða með reglugerðum EES-gerðir um heilbrigðisreglur varðandi aukaafurðir dýra og afurða unnar úr þeim. Matvælastofnun hefur að mestu sinnt þeim verkefnum sem opinberum aðilum er falin í þessum reglugerðum. Stofnunin hefur frá því þessar reglur voru fyrst teknar upp ítrekað bent á nauðsyn þess að tryggja nægjanlegt fjármagn til að byggja upp nægjanlega þekkingu til að sinna málaflokknum, enda er hann mikilvægur og snertir umfangsmikla hagsmuni. Matvælastofnun hefur fram til þessa lagt til fjármuni til að sinna ýmsum verkefnum vegna aukaafurða dýra, en þeim hefur ávallt verið sinnt af starfsmönnum sem hafa samhlíða sinnt öðrum verkefnum hjá stofnuninni.

Að mati stofnunninnar þarf heilt stöðugildi til að sinna yfirumsjón, leiðbeiningum og vinnu vegna aukaafurða dýra. Hlutaðeigandi starfsmaður myndi þá sjá um skipulagningu á framkvæmd eftirlits og öðrum þáttum er tengjast löggjöfinni um aukaafurðir dýra, m.a. húðir og gærur, dún og ull, moltugerð auk fisk- og kjötmjöls og viðskipti með viðkomandi vörutegundir, en skortur á yfirumsjón málaflokksins getur hamlað eðlilegum viðskiptum með þessum vörum.

F.h. Matvælastofnunar,



Víktor Stefán Pálsson  
Forstöðumaður Stjórnsýslusviðs

**Afrit:** nefndasvid@althingi.is